

Skólasöngur Urriðaholtsskóla

Upp á holtinu stendur hátt,
varðan sem okkur leiðir
áfram, upp og í rétta átt,
götu okkar hún greiðir.

Vinir erum við öll sem eitt,
tengjumst vináttuböndum.
Ekkert getur því fengið breytt,
saman alltaf við stöndum.

Takk fyrir allt sem við lærum hér,
um skólann við göngum með stolti.
Syngjandi um að langbestur er
skólinn í Urriðaholti!

Saman eigum við gildin þrjú,
ábyrgð sýnum og berum.
Elskum umhverfið ég og þú,
allt af virðingu gerum.

Takk fyrir allt sem við lærum hér,
um skólann við göngum með stolti.
Syngjandi um að langbestur er
skólinn í Urriðaholti!

Lalala...

Takk fyrir allt sem við lærum hér,
um skólann við göngum með stolti.
Syngjandi um að langbestur er
skólinn í Urriðaholti! (x2)



Lag og texti: Ingvar Alfreðsson í tilefni af 5 ára afmæli Urriðaholtsskóla

Lagið á Spotify í flutningi 5-14 ára nemenda skólans, vorönn 2023.

<https://open.spotify.com/track/76rWc6D5eeF5U2GhJnv3q7?si=5638358940214b5d>